

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Akraneskaupstaðar, staðfestist hér með skv. lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, sbr. lög nr. 31/1975, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld núgildandi samþykkt um gatnagerðargjald B í Akraneskaupstað nr. 317/1984, dags. 22. júní 1984.

Félagsmálaráðuneytið, 2. maí 1985.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.

REGLUR

fyrir samvinnunefnd um skipulagsmál á Suðurnesjum.

1. gr.

Samvinnunefnd um skipulagsmál Suðurnesja, hér eftir kölluð samvinnunefnd, er svo skipuð að í henni eiga sæti 17 menn.

Skipulagsstjórn ríkisins skipar formann nefndarinnar, en sveitarstjórnir Keflavíkur, Njarðvíkur, Grindavíkur, Hafnahrepps, Miðneshrepps, Gerðahrepps og Vatnsleysustrandarhrepps skipa hver um sig tvo fulltrúa úr hópi sveitarstjórnarmanna. Heimilt er að kjósa bæjarstjóra eða sveitarstjóra sem fulltrúa, þó þeir eigi ekki sæti í sveitarstjórn. Utanríkisráðuneytið skipar tvo fulltrúa til þess að gæta hagsmuna flugvallarsvæðisins. Varamenn aðilja skulu skipaðir á sama hátt.

Heimild til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétti hafa framkvæmdastjóri S.S.S., skipulagsstjóri og fulltrúi hans og aðrir sem nefndin óskar hverju sinni.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að vinna að samræmingu og endurskoðun á skipulagi þess svæðis, sem tekur yfir umrædd sveitarfélög og flugvallarsvæðið, eftir því sem þurfa þykir, og ganga frá tillögu að svæðisskipulagi fyrir Suðurnes sbr. rgl. 217/1966.

Nú verður ágreiningur um, hversu víðtækt hlutverk nefndarinnar sé við gerð svæðisskipulagsins, og sker þá félagsmálaráðherra úr að fenginni umsögn skipulagsstjórnar. Leita skal úrskurðar utanríkisráðherra, ef ágreiningur varðar flugvallarsvæðið.

3. gr.

Fundi skal halda ársfjórðungslega eða eftir því sem nefndin telur þörf á.

Formaður boðar til fundar með a. m. k. viku fyrirvara og ákveður fundarstað.

Fundur er lögmætur, ef formaður og helmingur annarra nefndarmanna er viðstaddur. Afl atkvæða ræður úrslitum. Þó getur nefndin ekki tekið ákvörðun um mál, er varðar sérstaklega hagsmunum eins sveitarfélags eða flugvallarsvæðisins, ef fulltrúar (fulltrúi) þeirra lýsa sig andvíga þeirri ákvörðun.

Nefndin kys sér ritara og vararitara. Skal formaður og ritari undirrita fundargerðarbók í fundarlok eða á næsta fundi þar á eftir. Sá fundarmaður, sem ósamþykkur er ákvörðun meiri hlutans, á rétt á að fá stutta athugasemd um sérálit sitt bókað.

Sendi skal fundargerðir til nefndarmanna og til viðkomandi sveitarstjórna, og utanríkisráðuneytisins.

4. gr.

Þegar samvinnunefnd hefur samþykkt tillögu að skipulagi svæðisins eða þess hluta, sem hún telur ástæðu til að taka til meðferðar að svo stöddu, sendir hún tillöguna ásamt rökstuddri greinargerð til viðkomandi sveitarstjórna og utanríkisráðuneytisins. Að fengnu samþykki þessara aðila sendir nefndin tillöguna til skipulagsstjórnar. Um meðferð tillögunnar eftir að hún er komin í hendur skipulagsstjórnar, fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga.

Samvinnunefndin getur sett sér nánari vinnureglur um þá þætti sem ástæða þykir að fjalla um í svæðisskipulagningu.

5. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist þannig að hvert sveitarfélag og utanríkisráðuneytið greiða kostnað vegna sinna fulltrúa.

Með samþykki skipulagsstjórnar getur samvinnunefndin ráðið sér starfsmann til aðstoðar. Greiðast laun og annar kostnaður við störf hans að hálfu af skipulagsstjórn ríkisins, en að hálfu af viðkomandi aðilum miðað við íbúafjölda. Ef ekki næst samkomulag, sker ráðherra úr að fengnum tillögum skipulagsstjórnar.

6. gr.

Stefnt skal að því, að samvinnunefndin ljúki störfum fyrir lok núverandi kjörtímabils. Ef nefndin óskar og gildir ástæður þykja til, getur ráðherra framlengt starfstímabil nefndarinnar, þó ekki lengur en eitt ár í senn.

Reglur þessar, sem settar eru samkv. 5. mgr. 3. gr. skipulagslaga nr. 19/1964, öðlast gildi þegar í stað, og falla jafnframt úr gildi reglur þær eru ráðuneytið staðfesti 8. mars 1982.

Félagsmálaráðuneytið, 15. apríl 1985.

Alexander Stefánsson.

Hallgrímur Dalberg.

Utanríkisráðuneytið, 30. apríl 1985.

Geir Hallgrímsson.

Ingvi S. Ingvarsson.